

## **Dalabyggð – álitserð vegna tveggja spurninga um fjallskilamál, sem sveitarstjóri lagði fram 11. júní 2020**

### **1) Um skyldu bænda til að smala heimalönd í Dalabyggð á haustin og greiðslu kostnaðar ef smölun er vanrækt og sveitarstjórn þarf að láta framkvæma hana.**

Svo sem fram kemur í 2. og 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1969, og 1. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélagið Dalabyggð nr. 1085/2011, hefur sveitarstjórn Dalabyggðar á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan sveitarfélagsins. Samkvæmt fjallskilasamþykktinni, sem hefur lagagildi, annast fjallskilanefndir bæði stjórn og framkvæmd fjallskila, hver í sinni fjallskiladeild, í umboði sveitarstjórnar. Komi upp álitamál eða ágreiningur ber að vísa málinu til úrskurðar sveitarstjórnar. Eðlilegt er að það sé gert án tafar ef slíkt gerist.

Í afréttalögum nr. 6/1986 ( 38., 39., 52. gr. og 53. gr. ) eru skýr ákvæði um smölun allra heimalanda samhliða haustleitum og einnig eftir réttir á haustin, svo oft sem þurfa þykir. Gildir þetta jafnt um ógirt og girt heimalönd, þar með skógræktar- og landgræðslugirðingar. Smölunarskyldan er einnig ljós í fjallskilasamþykktinni nr. 1085/2011 ( 8. gr. og 12. gr. ). Sömuleiðis skal sérhver bóndi eða umráðamaður lands koma fé til réttar eða, eftir lögboðnar réttir, í heimarétt eða hús, og tilkynna það réttum eigendum.

Sinni umráðamaður jarðar ekki framangreindum smölunarskyldum á haustin ber fjallskilanefnd eða sveitarstjórn að láta smala landið á kostnað hans í samræmi við framangreind ákvæði 39. gr. afréttalaga nr. 6/1986 og 8. gr. fjallskilasamþykktar nr. 1085/2011. Eðlilegt er að slíkum smölunum sé lokið nokkru fyrir lok sláturtíðar á haustin. Rétt er að minna á það ákvæði í 12. gr. fjallskilasamþykktar nr. 1085/2011 að finnist fénaður í ógirtum sumarhögum *eftir að skipulögðum haustgöngum er lokið*, og honum hefur verið komið í rétt eða hús, skal eigandi fjárins greiða kostnað við flutning þess ef hann sækir það ekki sjálfur.

### **2) Um skyldu fjárbænda til að mæta í skilaréttir í Dalabyggð, draga fé sitt og flytja það eða reka þaðan til síns heima.**

Hvað fjallskilalöggjöfina varðar er óljóst hver hinn lagalegi grundvöllur er til að taka á slíkum málum og gildir það bæði um afréttalögin nr. 6/1986 og fjallskilasamþykktina nr. 1085/2011. Það hefur greinilega verið talið svo sjálfsagt að fjárbændur mæti sjálfir í skilaréttir, eða fái aðra til þess, að ekki hefur verið talin ástæða til að lögfesta ákvæði um slíkt. Sama gildir um sundurdrátt og flutning eða rekstur fjár frá skilarétt að réttarhaldi loknu. Anda laga og samþykktar mætti þó túlka á þann veg að sundurdráttur og flutningur eða rekstur úr skilarétt séu lokapættir í öllu hinu félagslega fjallskilaferli og órjúfanlegur hluti af því. Engar reglur eru til leiðbeiningar um hversu lengi fé má standa í réttum eða dilkum við þær án aðgangs að vatni og heyi. Eðlilegt virðist að sá tími sé ekki lengri en 24 klukkustundir

eftir að dregið hefur verið upp í viðkomandi skilarétt. Því má velta því fyrir sér hvort, eftir slík tímamörk, beri að líta á kindurnar sem óskilafé, samkvæmt ákvæðum 34. gr. afréttarlaganna nr.6/1986. Þetta sé fé sem eigandinn vilji ekki hirða og því sé réttlætanlegt að senda það í sláturhús eftir að réttarstjóri hefur aðvarað eigandann. Þar yrði féð lagt inn á hans reikning að frádregnum kostnaði sveitarfélagsins við aðgerðina. Önnur, en öllu mildari aðgerð, væri að réttarstjóri léti flytja eða reka féð til síns heima á kostnað eigandans, að undangenginni aðvörun. Í báðum tilvikum þyrfti réttarstjóri að hafa samráð við formann viðkomandi fjallskilaneftndar og sveitarstjóra áður en slíkt yrði framkvæmt.

Fari svo að fé sé látið standa, að loknu réttarhaldi, í skilarétt dögum saman án gjafar og umhirðu, jafnvel í bleytu og vosbúð, ber að tilkynna það tafarlaust Matvælastofnun í samræmi við lög um velferð dýra nr. 55/2013, sem er skylt að senda eftirlitsmann á staðinn. Með tilkynningunni myndi réttarstjóri, formaður fjallskilaneftndar eða sveitarstjóri uppfylla skilyrði 7. gr. þeirra laga um hjálpar skyldu. Einnig mætti tilkynna málið strax til lögreglu. Aðgerðir þessar yrðu byggðar á 6. gr. laganna þar sem m.a. segir að ill meðferð dýra sé óheimil. Sé um að ræða alvarlegt brot á lögum um velferð dýra nr. 55/2013 getur slíkt hafi alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi fjárbónda í samræmi við ýmis ákvæði um stjórnvaldsfyrirmæli og viðurlög.

### **Ályktun**

Sveitarstjórn Dalabyggðar og fjallskilaneftndirnar átta þurfa að kynna sér, fyrir haustið, hvað aðgerðir koma til greina ef upp koma mál af þeim toga sem hér hefur verið fjallað um. Hvað lið 1) varðar er lagalegur grundvöllur augljós og traustur og einnig undir lið 2) ef verið er að fara illa með fé. Í öllum tilvikum er mikilvægt að grípa strax til viðeigandi aðgerða, ef þurfa þykir, og taka málin föstum tökum. Það er fyrir bestu því að vanvirðing við og niðurbrot á hinu forna og skilvirka fjallskilakerfi er ein vísasta leiðin til að grafa undan sauðfjárrækt í viðkomandi sveitum.

Samantekt: Dr. Ólafur R. Dýrmundsson, sjálfstætt starfandi ráðgjafi um afréttamál o.fl. , dags. 15.júní 2020.